



Meir' en að segja það. Sjónarmið menntamálayfirvalda og tillögur frá Hringþingi

Guðni Ólgeirsson, sérfræðingur,
mennta- og menningarmálaráðuneyti
Gerðubergi 9. nóvember 2012



HRINGÞING



Samstarf um mótun stefnu





Hringþing um menntamál innflytjenda á öllum skólastigum 14. sept. 2012


- Skapa samræðuvettvang þeirra sem koma að menntamálum innflytjenda
- Draga fram stöðuna í menntamálum innflytjenda á öllum skólastigum
- Kalla eftir forgangsröðun verkefna í þróun menntunar innflytjenda
- Fá kynningar á fyrirmyndarverkefnum í námi og kennslu innflytjenda á öllum skólastigum
- Greina forgangsverkefni fyrir væntanlega framkvæmdaáætlun ríkis og sveitarfélaga



Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfjölda íbúa á Íslandi, 1995-2010


Mynd 4.1.1

Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfjölda íbúa á Íslandi, 1950-2010



Mynd 4.15


Fjöldi barna með erlendan bakgrunn, lagður saman við innflytjendur og afkomendur innflytjenda





Grunnskólar


(Heimild: Hagstofa Íslands 2012)



Mynd 28 Fjöldi og hlutfall grunnskólabarna með erlent móðurmál 1997-2011. Heimild: Hagstofa Íslands 2012



Skólasókn nemenda, fæddir 1991



Mynd 30 Skólasókn nemenda, fæddir 1991. Heimild:
Hagstofa Íslands 2011 og menntamálaráðuneytið 2011



Tilmæli frá ECRI, Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi

- ECRI mælir með því að íslensk stjórnvöld bjóði nemendum, sem eru með annað móðurmál en íslensku, upp á aukin tækifæri til að læra íslensku sem annað tungumál á öllum skólastigum, einkum á framhaldsskólastigi.
- Samhliða hvetur ECRI íslensk stjórnvöld til að bjóða nemendum sem eru með annað móðurmál en íslensku upp á aukna kennslu í sínu eigin tungumáli.



Úr ávarpi Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra á Hringþingi.

Innflytjendur eru auðlind

- “Það er talinn ávinningur fyrir sérhvern einstakling að hafa vald á mörgum tungumálum og fjöltyngdir einstaklingar eru afar verðmætir fyrir samfélagið. Sterkt móðurmál er ekki einungis mikilvægt fyrir samskiptin í fjölskyldunni það auðveldar líka börnum að tileinka sér íslensku sem annað tungumál og góður grunnur í móðurmáli er talinn grundvallaratriði í máltöku annars máls. Fyrir tvítyngd og fjöltyngd börn skiptir miklu máli að búa við ríkt málumhverfi á báðum tungumálunum og öðlast tækifæri til þess að þroska og þróa málvitund sína og færni í samskiptum jafnt og þétt.“



Hvað segir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um móðurmál?

- 29. gr.
 1. Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að:

c) Móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.



Hvað segir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um minnihlutahópa?

- **30. gr.**

Í ríkjum þar sem minnihlutahópar hafa myndast vegna sérstakra þjóðháttá, trúarbragða eða tungumála, eða þar sem frumbyggjar eru, skal barni sem heyrir til slíks hóps ekki meinað að njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú, og nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum.



Hvað segja grunnskólalög um móðurmál?

16. gr.

- *Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að **virku tvítyngi** þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi.*
- *Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.*



Hvað segir í greinargerð með frumvarpi til grunnskólalaga um móðurmál?

Um 16. gr.

- *...Sérstök móðurmálskennsla er hins vegar ekki lögbundin fyrir alla nemendur, enda er talið óframkvæmanlegt að koma slíku við á öllum tungumálum. Hins vegar er æskilegt að nemendur fái tækifæri til að rækta móðurmál sitt, t.d. sem valgrein eða í fjarnámi, og fái það metið í grunnskólum óski nemendur eða foreldrar þeirra þess. Því er gert ráð fyrir að grunnskólum verði heimilt að viðurkenna kunnáttu eða nám nemenda með annað móðurmál en íslensku í eigin móðurmáli sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms á erlendu tungumáli eða verði metið sem valgrein.*



Reglugerð frá 2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku

- Framhaldsskóla er heimilt að meta móturmál nemenda til eininga í frjálsu vali eða til eininga í stað annars erlends tungumáls.
- Miða skal við að nemendur með annað móturmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móturmáli sínu sem valgrein, óski þeir þess.
- Framhaldsskóli getur boðið upp á slíkt nám í staðnámi eða fjarnámi eða metið nám sem stundað er annars staðar. Viðkomandi framhaldsskóli þarf þá að veita samþykki fyrir náminu óski nemandi eftir að fá slíkt nám metið til eininga. Framhaldsskóli er ekki ábyrgur fyrir náminu en getur verið tengiliður, t.d. við gagnasöfn, bókasöfn, félög og annað það sem veitir nemendum aðgang að kennslu í eigin móturmáli.



Aðalnámskrá grunnskóla Íslenska sem annað tungumál.

- Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því svo sem kostur er.



Álitamál til umræðu á Hringþingi um menntamál innflytjenda 14. sept.

- Á Hringþingi var málstofa á vegum ráðuneytisins um helstu álitamál í tengslum við menntamál innflytjenda á öllum skólastigum, stöðuna og mikilvægar aðgerðir
- 29 álitamál sett fram til umræðu
- Um 250 þátttakendur úr öllum áttum
- Miklar væntingar um aðgerðir
- Kröftugar umræður, fjöldamargar tillögur
- Yfirlit yfir álitamálin aðgengilegt á tungumálatorgi



HRINGÞING



Dæmi um tillögur til úrbóta

- Viðurkenning á móðurmálskenndu, Móðurmálsskóli á að tilkynna áætlun til MMR. Viðurkenna móðurmál kennara.
- Nota reynslu erlendra kennara.
- Fjarnám fyrir nemendur í móðurmáli þeirra – Farandkennarar.
- Tengiliður fyrir hvert tungumál
- Nýta nýja tækni í kenndu
- Ráðgjafar / leiðtogar í hverjum skóla



Fleiri dæmi

- Skýr stefna gegn mismunun á grundvelli þjóðernis og litarháttar varðandi atvinnu og menntun.
- Túlkaþjónusta, fastir starfsmenn á vegum ríkis og sveitarfélaga + rafræn túlkun.
- Kennsluráðgjafar skipuleggi og miðli þekkingu og skipuleggi fræðslu í skólana
- Heildstæð náms- og starfsráðgjöf
- Lögbundna grunnmenntun kennara varðandi kennslu í fjölmenningu



Enn fleiri dæmi- Tungumálatorg

Aðeins verði einn staður á netinu þar sem hægt er að nálgast t.d.

- hugmyndabanka
- námsefni
- dæmi um vel heppnuð verkefni
- kynningar
- fréttir fyrir öll skólastig
- Lifandi vefur



Næstu skref

- Innflytjendaráð vinnur úr niðurstöðum Hringþingsins með aðstoð undirbúningshópsins sem skipulagði þingið
- Boðað verður til umræðu um tiltekin lykilatriði, t.d. móðurmál og framhaldsskólann
- Mögulegir morgunverðarfundir um einstaka þætti
- Víðtækt samstarf um útfærsluna
- Almenn stefnumótun og aðgerðaáætlun innflytjendaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytis til næstu ára
- Skilgreind þróunarverkefni- verkefnisstjóri?
- Sjá nánar um Hringþing: **tungumalatorg.is/hringthing**



Til umhugsunar

- Hvað er raunhæft að gera við núverandi aðstæður til að efla þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku í skólakerfinu?
- Hvernig er æskilegast að byggja upp móðurmálskennslu á öllum skólastigum?
- Hvernig er hægt að hækka hlutfall þeirra sem innritast í framhaldsskóla og jafnframt draga úr brottfalli nemenda?
- Hvaða væntingar eru til stjórnvalda um samhæfingu, stuðning, þjónustu, ráðgjöf, fjármagn?



20.11.2012